



Kópavogsbær

Til skipulags- og umhverfisráðs

Kópavogi, 17. apríl 2026
26042306/501.03 ADK

Kópavogsvöllur. Lýsing. Breytt deiliskipulag.

Lýsing á Kópavogsvelli hefur verið til skoðunar þar sem núverandi lýsing á vellinum uppfyllir ekki kröfur um lýsingu á leikjum sem spilaðir eru í alþjóðlegum keppnum. Ljósamöstur eru of lág og lampar ekki nægjanlega afkastamiklir.

Lagt er til við skipulags- og umhverfisráð að hafin verði vinna við gerð breytingar á deiliskipulagi Kópavogsvallar í samráði við Breiðablik svo unnt verði að skoða möguleika á því að koma fyrir sterkari lýsingu á vellinum. Felur það í sér að núverandi ljósamöstrum verði skipt út fyrir stærri ljósamöstur sem borið geta öflugari lampa. Sértök áhersla verði lögð á mat áhrifa slíkrar breytingar á aðliggjandi íbúðarsvæði ásamt því að meta þarf kostnað framkvæmdarinnar og hlutdeild Breiðabliks í þeim kostnaði.

Meðfylgjandi er erindi Ásgeirs Baldurssonar, formanns Breiðabliks, f.h. félagsins dags. 17. apríl 2026.

Auður Dagný Kristinsdóttir
Skipulagsfulltrúi

